

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald, tekjuskattur, vörugjald, bifreiðagjald, skipagjald o.fl.).

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990.

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 2. gr. skal almennt tryggingagjald vera 4,65% af gjaldstofni skv. III. kafla í staðgreiðslu á árinu 2021 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2022 vegna tekna ársins 2021.

II. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003.

2. gr.

Í stað orðsins „lágmarksellilífeyrir“ í 4. másl. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laganna kemur: lágmarksörorkulífeyrir.

3. gr.

Við 1. mgr. 26. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Leiði skipting söluverðs, í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats, til verulega óeðlilegrar niðurstöðu sem ekki endurspeglar markaðsverð hinna seldu eigna skal miðað við markaðsverð þeirra á söludegi í stað fasteignamats.

4. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr tölulíður, svohljóðandi: Styrkur í formi niðurgreiðslu frá ríkinu vegna greiðsluþátttöku í fargjöldum í samgöngum innanlands fyrir einstaklinga með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins.

5. gr.

Í stað orðanna „sérgreindu fasteignir“ í 1. másl. a-liðar 1. mgr. 58. gr. a laganna kemur: sérgreindu íbúðir.

6. gr.

Lokamálsliður 1. mgr. 101. gr. laganna orðast svo: Ríkisskattstjóri skal enn fremur birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og er eftir atvikum heimilt að gefa út og hafa til sölu fyrir almenning yfirlit yfir skatta, tolla og gjöld á sviði

Skattsins eða láta í té sérþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða LXVI í lögunum:

- a. Í stað orðsins „álagningarskrá“ kemur: álagningarskrár.
- b. Í stað orðanna „árinu 2020“ kemur: á árunum 2020 og 2021.
- c. Í stað orðanna „vegna tekna ársins 2019“ kemur: vegna tekjuáranna 2019 og 2020.
- d. Við ákvæðið bætist eftirfarandi málslíður: Eftir atvikum gildir hið sama um framlagningu skattskráa á árinu 2020 og 2021.

III. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988.

8. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 46. gr. er ríkisskattstjóra ekki skylt á árunum 2020 og 2021 að leggja fram virðisaukaskattsskrár.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996.

9. gr.

Í stað orðanna „árs“ og „ára“ í 1. og 2. másl. 3. mgr. 17. gr. laganna kemur: greiðslutímabils; og: greiðslutímabila.

10. gr.

Ákvæði III til bráðabirgða við löginn fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum um um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á r-lið 1. tölul. 4. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „tölul.“ kemur: og önnur ökutæki til vöruflytninga í atvinnuskyni.
- b. Í stað orðsins „knúnar“ kemur: knúin.

12. gr.

Í stað orðanna „árinu 2020“ í ákvæði til bráðabirgða XVIII í lögunum kemur: á árunum 2020 og 2021.

VI. KAFLI

Breyting á lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988.

13. gr.

Við 4. gr. laganna bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Ökutæki samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga sem knúin eru vetni eða rafhreyfli að öllu leyti skulu greiða lágmark bifreiðagjalds skv. 2. gr.

14. gr.

8. gr. laganna orðast svo: Hafi bifreiðagjald ekki verið greitt á eindaga skal greiða dráttarvexti, sbr. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, frá gjalddaga, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

VII. KAFLI Ný lög um skipagjald.

15. gr.

Ný lög um skipagjald skulu taka gildi, með sex greinum, svohljóðandi:

a. (1. gr.)

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá eins og hér segir:

<i>Skráningarlengd skips</i>	<i>Árlegt gjald (í kr.)</i>
< 8 metrar	10.940
8–15 metrar	19.600
15–24 metrar	43.750
24–45 metrar	86.800
45–60 metrar	143.300
≥ 60 metrar	189.700

Samgöngustofa fer með álagningu skipagjalds. Gjöldin skulu miðuð við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi 1. apríl ár hvert og eindagi 15. maí ár hvert. Við eigendaskipti ber hinn fyrri eigandi ábyrgð á gjaldinu þar til umskráning hefur farið fram.

b. (2. gr.)

Fyrir skoðun á skipum og búnaði þeirra, útgáfu skírteina, samþykkt smíðalýsinga og teikninga og aðra lögboðna þjónustu sem Samgöngustofa veitir skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur að tillögu Samgöngustofu og miðast hún við kostnað stofnunarinnar.

c. (3. gr.)

Gjöldum samkvæmt kafla þessum fylgir lögveð í skipi í tvö ár frá því er gjald var kræft.

Samgöngustofu er heimilt að halda eftir haffærisskírteini eða öðrum jafngildum skírteinum samkvæmt samningum og alþjóðasamningum sem Ísland hefur fullgilt, að skoðun lokinni, ef gjöld skv. 1. gr. eru ekki greidd.

d. (4. gr. *Umsjón innheimtu.*)

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skipagjalds. Innheimtumenn skulu skila gjöldum sem þeir innheimta skv. 1. gr. í ríkissjóð. Heimilt er að senda eiganda skips tilkynningu um álagningu skipagjalds rafrænt.

e. (5. gr. *Kæruheimild.*)

Greiðanda skipagjalds er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu skipagjalds skv. 1. gr. innan þrjátíu daga frá því að gjaldið var ákvarðað.

Úrskurði ríkisskattstjóra skv. 1. mgr. má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

f. (6. gr. *Dráttarvextir.*)

Hafi skipagjald ekki verið greitt á eindaga skal greiða dráttarvexti, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

16. gr.

Heiti laganna verður: **Lög um skipagjald.**

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

17. gr.

32. tölul. 10. gr. laganna orðast svo: Löggilding rafverktaka, iðnmeistara og hönnuða.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. öðlast 4. gr. gildi frá og með 1. september 2020 og 11. gr. gildi frá og með 1. janúar 2021. Þá öðlast 15. og 16. gr. gildi frá og með 1. júlí 2021.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu og varðar ýmsar breytingar á skattalögum, m.a. tryggingagjald, tekjuskatt, breytingar og samræmingu vegna breytinga sem átt hafa sér stað í öðrum lögum, vörugjald, og breytingar á lögum um bifreiðagjald o.fl. Jafnframt eru lögð til ný lög um skipagjald.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Tilefni einstakra ákvæða frumvarpsins er mismunandi. Frumvarpið má m.a. rekja til stöðugleikaaðgerða ríkisstjórnarinnar sem ætlað er að stuðla að félagslegum og efnahagslegum stöðugleika í tengslum við Lífskjarasamninginn. Í frumvarpinu er lögð til tímabundin lækkun á tryggingagjaldi auk nauðsynlegra leiðréttinga og annarra breytinga á ýmsum lögum um skatta og gjöld. Hér er m.a. um að ræða breytingar og samræmingu vegna lögfesta breytinga annarra laga, undanþágu rafknúinna ökutækja til vöruflutninga frá vörugjaldi og greiðslu á lágmarksbifreiðagjaldi í tilfelli rafmagns- og vetnisbifreiða, o.fl.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Tímabundin lækkun tryggingagjalds.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við forsendur lífskjarasamningsins er lagt til að almenna tryggingagjaldið verði lækkað tímabundið í eitt ár, eða í staðgreiðslu á árinu 2021 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2022 vegna tekna ársins 2021, úr 4,90% í 4,65%. Mun lækkun tryggingagjalds jafngilda því að gjaldið verði ekki lagt á stofn sem nemur kjarasamningsbundnum launahækkunum sem koma til framkvæmda um komandi áramót. Heildartekjur af tryggingagjaldi munu dragast saman um fjóra milljarða króna sökum lækkunarinnar. Þar af lækka greiðslur ríkisins um 0,9 milljarða króna og munu nettó tekjuáhrif á ríkissjóð því verða 3,1 milljarður króna til lækkunar. Jafnframt mun þessi aðgerð lækka útgjöld sveitarfélaga um 0,5 milljarða króna á næsta ári.

3.2. Skattfrelsi meðlaga og framfærslulífeyris til maka.

Í 4. málsli. 2. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er fjallað um meðlög og framfærslulífeyri til maka eða fyrrverandi maka þar sem skattfrelsi teknanna takmarkast við

sömu fjárhæð og lágmarksellilífeyrir (grunnlífeyrir). Á þeim tíma sem undanþágan var sett var fjárhæðarviðmiðið hið sama hjá ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum. Samsetning ellilífeyris hefur tekið breytingum og er því lagt til svo haldið verði upphaflegu viðmiði að stuðst verði við fjárhæðarmörk örorkulífeyris þess í stað.

3.3. Skipting söluverðs sérgreindra fasteigna eða mannvirkja, ásamt lóð, landi eða réttindum tengdum þessum eignum.

Í 26. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er mælt fyrir um að þegar fasteignir og land eru seld í einu lagi, þá skuli skipta söluverðinu í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats á söludegi. Á undanförunum árum hafa stórar landareignir verið seldar þar sem landsvæðið hefur verið metið afar lágt í fasteignamati miðað við þær fasteignir sem standa uppi á landinu. Sem dæmi má taka land með íbúðarhúsnæði sem selt er á 100 millj. kr. Fasteignamat íbúðarhúsnæðis er að fasteignamati 90 millj. kr. en landið er metið á 10 millj. kr. Skipting söluverðs yrði þá þannig að 90 millj. kr. teldust tilheyra íbúðarhúsnæðinu og væru þar með skattfrjálsar en einungis 10 millj. kr. teldust til stofns skattskylds söluhagnaðar vegna sölu lands, jafnvel þó landakaupin hafi verið meginforsenda hins háa söluverðs. Þar sem fasteignamatið endurspeglar ekki þau markaðsverðmæti sem búa að baki viðskiptum, þá er lagt til að í þeim tilvikum að skipting söluverðs, í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats, leiðir til verulega óeðlilegrar niðurstöðu sem ekki endurspeglar markaðsverð hinna seldu eigna skuli miða við markaðsverð þeirra á söludegi í stað fasteignamats.

3.4. Skattfrelsi styrkja í formi niðurgreiðslu frá ríkinu.

Árið 2019, þ.e. sama ár og flug á Íslandi átti 100 ára afmæli, lagði samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra fram flugstefnu fyrir Ísland, þá fyrstu sinnar tegundar, í samgönguáætlun sem lögð var fyrir Alþingi á 150. löggjafarþingi 2019-2020.

Markmið stefnunnar er m.a. að efla innanlandsflug sem hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum. Innanlandsflugið er hluti af almenningssamgöngukerfi landsins og gegnir sem slíkt mikilvægu hlutverki fyrir byggðir þess.

Eitt af því sem flugstefnan felur í sér er niðurgreiðsla á flugferðum íbúa á landsbyggðinni til og frá höfuðborgarsvæðinu þar sem mjög stór hluti þjónustu ríkisins hefur verið byggður upp. Hefur þessi leið verið nefnd skoska leiðin þar sem hún á fyrirmynd í vel heppnuðu kerfi sem komið hefur verið á í samstarfi skoska ríkisins og flugfélaga. Verkefnið Loftbrú sem byggir á hugmyndafræði skosku leiðarinnar hóf formlega göngu sína í september 2020 en það felur í sér að íbúar landsbyggðarinnar sem búa í tiltekinni fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu fá niðurgreiðslu á flugfargjaldi til og frá höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er jafnframt hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar um að gera innanlandsflugið að hagkvæmari kosti fyrir íbúa landsbyggðarinnar og að áfram skuli byggja upp almenningssamgöngur um land allt.

Til að taka af allan vafa um skattfrelsi niðurgreiðslunnar er í frumvarpinu lagt til að kveðið verði á um það að styrkur í formi niðurgreiðslu vegna greiðsluþátttöku ríkisins í fargjöldum í samgöngum innanlands fyrir einstaklinga með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins teljist ekki til tekna.

3.5. Útleiga manna á íbúðarhúsnæði.

Í 58. gr. a laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, er fjallað um útleigu manna á íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða öðru húsnæði auk skilgreiningar á því hvenær tekjur af slíkri útleigu teljast hafa myndast í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi einstaklings. Meginreglan um

skattlagningu tekna af útleigu einstaklinga er sú að tekjur af útleigu manna á íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða öðru húsnæði teljist hafa myndast í atvinnurekstri eða í sjálfstæðri starfsemi einstaklings, þó með ákveðnum undantekningum. Í a-lið 58. gr. a er mælt fyrir um að tekjur einstaklings af útleigu íbúðarhúsnæðis til varanlegrar búsetu leigjanda teljist utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi ef ekki eru leigðar út fleiri en tvær sérgreindar fasteignir í eigu viðkomandi. Ljóst er við lestur greinargerðar að lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld, nr. 59/2017, að með sérgreindum fasteignum er átt við sérgreindar íbúðir. Til að taka af öll tvímæli um annað er lagt til að í stað orðanna „sérgreindu fasteignir“ komi „sérgreindu íbúðir“.

3.6. Reglur og ákvarðanir ríkisskattstjóra.

Í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, er kveðið á um að ríkisskattstjóri skuli setja framkvæmdar- og starfsreglur ásamt leiðbeiningum og verklagsreglum. Þá skuli ríkisskattstjóri enn fremur birta reglur og ákvarðanir sem hann metur að hafi þýðingu fyrir skattaðila og eftir atvikum gefa út og hafa til sölu. Lagt er til að við ákvæðið verði aukið að ríkisskattstjóra sé jafnframt heimilt að gefa út og hafa til sölu fyrir almenning yfirlit yfir skatta, tolla og gjöld á sviði Skattsins eða láta í té sérþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

3.7. Álagningarskrár, skattskrár og virðisaukaskattsskrár.

Samkvæmt lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, er ríkisskattstjóra skylt að birta tvennar skrár með álagningarupplýsingum skattaðila. Annars vegar álagningarskrá eigi síðar en 15 dögum fyrir lok kærufrests skv. 99. gr., sbr. 1. mgr. 98. gr., og hins vegar skattskrá þegar lokið er álagningu skatta og kærumeðferð, sbr. 2. mgr. 98. gr. laganna. Með lögum um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru, nr. 37/2020, var lögfest ákvæði til bráðabirgða þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 98. gr. væri Skattinum ekki skylt að leggja fram álagningarskrá fyrir hvert sveitarfélag að lokinni álagningu skattaðila á árinu 2020 vegna tekna ársins 2019.

Í ljósi þess að heimsfaraldur kórónuveiru geysar enn og að við framlagningu álagningarskrár skattaðila gerir fjöldi manns sér ferð í afgreiðslur Skattsins um land allt er lagt til að ákvæði til bráðabirgða LXVI við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði framlengt um eitt ár og að eftir atvikum gildi hið sama um framlagningu skattskráa á árinu 2020 og 2021. Mikilvægt er að tryggja að embætti ríkisskattstjóra geti uppfyllt lögbundnar skyldur sínar en þó tekið tillit til reglna um takmarkanir á samkomum sem og gætt að almennum sóttvarnasjónarmiðum.

Þá er jafnframt lagt til að sambærilegu ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 46. gr. laganna sé ríkisskattstjóra ekki skylt á árunum 2020 og 2021 að leggja fram virðisaukaskattsskrár.

3.8. Breytingar á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Lögð er til sú breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, að í stað þess að kveða á um „ár“ þegar rætt er um samspil útreiknings á álagi og eindaga í 3. mgr. 17. gr. laganna verði kveðið á um „greiðslutímabil“. Er það gert í ljósi breytinga sem orðið hafa á greiðslutímabilum úr almanaksárinu í fjögur þriggja mánaða greiðslutímabil.

Þá er lagt til að ákvæði III til bráðabirgða við lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur falli brott enda hefur hlutfalli staðgreiðslu verið breytt frá gildistöku ákvæðisins, fyrst í 18%, síðan 20% og er nú 22%. Í ákvæðinu er kveðið á um að frá og með 1. júlí 2009 skuli

skilaskyldum aðilum skylt að halda eftir 15% skatti af staðgreiðsluskyldum fjármagnstekjum skattskyldra aðila sem til falla eftir 1. júlí 2009 af eldri kröfum, sem og kröfum sem stofnað er til eftir það.

3.9. Undanþága ökutækja frá vörugjaldi.

Lögð er til breyting á r-lið 1. tölul. 4. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, en nógildandi ákvæði felur í sér að sendibifreiðar samkvæmt skilgreiningu g-liðar 2. tölul. sömu laga sem knúin eru rafhreyfli að öllu leyti eru undanþegnar vörugjaldi. Tillagan felur í sér rýmkun á ákvæðinu þess efnis að undanþágan nái einnig til annarra tegunda ökutækja til vöruflutninga í atvinnuskyni sem knúnar eru rafhreyfli að öllu leyti. Nógildandi ákvæði var sett með lögum um breytingu á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum um bifreiðagjald og lögum um virðisaukaskatt, nr. 117/2018. Þá má rekja ákvæðið til nefndarálits efnahags- og viðskiptanefndar á 149. löggjafarþingi 2018–2019, þskj. 359 – 162. mál. Í nefndarálitinu kemur fram að athygli nefndarinnar hafi verið vakin á því að rafknúnar sendibifreiðar sem notaðar væru til vöruflutninga nytu ekki sömu ívilnunar og önnur rafknúin ökutæki á borð við bifhjól og golfbifreiðar, yrði frumvarpið óbreytt að lögum. Taldi nefndin rétt að rafknúnar sendibifreiðar nytu sömu kjara hvað vörugjöld varðar enda gildi um þær sömu sjónarmið um hvetjandi aðgerðir til að stuðla að orkuskiptum. Með tillögunni sem lögð er fram í frumvarpinu er lagt til að ekki sé gerður greinarmunur á gerð rafknúinna ökutækja til vöruflutninga í atvinnuskyni en slíkt verður að teljast eðlilegt í ljósi m.a. jafnræðissjónarmiða og markmiða stjórnvalda í orkuskiptum og loftslagsmálum.

3.10. Greiðsla á lágmarki bifreiðagjalds vegna þungra hreinorkuökutækja.

Sú meginregla gildir í lögum um bifreiðagjald, nr. 39/1988, vegna ökutækja að eigin þyngd 3.500 kg eða minna, að greitt er lágmark bifreiðagjalds fyrir losun upp að ákveðinni skráðri losun koltvísýrings (CO₂) viðkomandi ökutækis. Ákveðin fjárhæð bætist síðan við fyrir hvert gramm sem ökutækið losar umfram hámarkið en skráð losun er mæld í grömmum á hvern ekinn kílómetra. Af þessu leiðir að greitt er lágmark bifreiðagjalds vegna hreinorkuökutækis sem gengur fyrir vetni eða rafmagni að eigin þyngd 3.500 kg eða minna. Af ökutækjum þar sem eigin þyngd er meiri en 3.500 kg. er aftur á móti greidd föst krónutala, þ.e. ákveðið lágmark, að viðbættri tiltekinni fjárhæð fyrir hvert kíló skráðrar eigin þyngdar ökutækis umfram 3.500 kg. Í ljósi markmiða stjórnvalda um orkuskipti í samgöngum og loftslagsmálum er talið rétt að leggja til að kveðið verði á um greiðslu lágmarks bifreiðagjalds hjá hreinorkuökutækjum sem ganga alfarið fyrir vetni eða rafmagni og eru 3.500 kg. eða þyngri.

3.11. Vörugjald af húsbílum.

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (staðgreiðsla, álagning o.fl.), nr. 33/2020, var ákvæði til bráðabirgða XVIII lögfest. Í ákvæðinu er kveðið á um að á árinu 2020 skuli lækka skráða losun húsbíla um 40%, en þó að hámarki niður í 150 g/km, áður en til álagningar vörugjalds kemur ef losun er eingöngu skráð samkvæmt samræmdu prófunarferðinni og að frekari skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið kom inn í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar þar sem athygli nefndarinnar hafði verið vakin á því að breytt aðferðafræði við mælingu losunar sem lögfest var með lögum nr. 117/2018 hafi haft í för með sér ófyrirséðar afleiðingar varðandi húsbíla. Í ljós kom að útblástur þeirra margfaldaðist við notkun nýju aðferðarinnar samanborið við þá gömlu, en var ekki um 20% hærri samkvæmt nýju aðferðinni, líkt og almennt varð með uppgefna koltvísýringslosun ökutækja eftir breytinguna. Þetta ylli því að húsbílar sem fluttir væru til landsins og hefðu skráða

koltvísýringslosun samkvæmt nýju aðferðinni bæru flestir hámarksvörugjald sem er 65% samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 3. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. [29/1993](#). Meiri hlutinn lagði til að vinna þyrfti að varanlegri lausn vegna þessarar stöðu en taldi þó að rétt að bregðast við með því að leggja til svo sem fram hefur komið tímabundna lækkun á skráðri losun á húsbíla um 40% að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Endanleg lausn vegna þessa liggur ekki fyrir. Í því ljósi er nú lagt til að ákvæðið verði framlengt tímabundið til og með 31. desember 2021.

3.12. Ný lög um skipagjald.

Í frumvarpi til skipalaga sem lagt hefur verið fram á Alþingi, sbr. þingskjal 209 — 208. mál 151. löggjafarþings 2020–2021, er ákvæði um skipagjald fellt út úr frumvarpinu, sbr. 28. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003. Í greinargerð með því frumvarpi segir að talið hafi verið að ákvæði um skipagjald eigi betur heima í lögum um aukatekjur, nr. 88/1991. Lagt er til í frumvarpi þessu að ákvæði um skipagjald verði að nýjum lögum um skipagjald, þar sem hvorki er talið að ákvæði um skipagjald eigi heima í lögum um aukatekjur né öðrum lögum. Ekki hafa verið lagðar til neinar efnisbreytingar um gjaldið sjálft aðrar en að lögveð vegna vangoldins gjalds skuli vara í tvö ár í stað eins árs, eindagi verði ekki hinn sami og gjalddagi heldur 15. maí og að dráttarvextir reiknist frá gjalddaga en ekki degi eftir gjalddaga. Ástæðan að baki tillögu um lengdan gildistíma lögveðs er að framkvæmdaraðilar telja eitt ár alltof skamman tíma til að ljúka innheimtu. Þá er jafnframt skýrt kveðið á um hver annast álagningu og innheimtu gjaldsins sem og um kæruleið.

3.13. Gjaldtökuheimild vegna löggildingar iðnmeistara og hönnuða í lög um aukatekjur ríkissjóðs.

Með lögum, nr. 20/2007, var gerð breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, sem fól í sér að gjaldtökuheimild vegna löggildingar rafverktaka var bætt við í upptalningu 1. gr. laganna. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sér um löggildingar iðnmeistara og hönnuða á sviði byggingarmála samkvæmt lögum um mannvirki, nr. 160/2010, ásamt því að sjá um löggildingu rafverktaka. Samræmis vegna er því lagt til að gjaldtaka vegna löggildingar allra þessara starfsheita verði byggð á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Ekki er verið að leggja til nýjar gjaldtökuheimildir heldur einungis lagt til að flytja þær á einn stað í lögum um aukatekjur.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur ekki tilefni til að ætla að það stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Í ljósi ákvæða 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar var þess gætt sérstaklega við undirbúning frumvarpsins að orðalag breytinganna væri skýrt og að öðru leyti í samræmi við kröfur sem leiða má af stjórnarskrárákvæðunum.

5. Samráð.

Frumvarpið snertir fyrst og fremst skattskylda aðila, bæði einstaklinga og lögaðila. Við vinnslu þess var haft samráð við embætti ríkisskattstjóra. Áform um samningu frumvarpsins voru kynnt á vettvangi ráðuneytisstjóra og almenningi í opinni samráðsgátt stjórnvalda 6.-13. október 2020. Ein umsögn barst frá Samtökum atvinnulífsins þar sem fram kom að tímabundin lækkun tryggingagjalds sé jákvæð breyting og að samtökin styðji stefnu sem felist í því að sporna gegn atvinnuleysi og skapa störf. Lækkun tryggingagjalds sé mikilvægur þáttur í því.

Frumvarpsdrögin voru einnig kynnt almenningi í opinni samráðsgátt stjórnvalda xx. okt.....
XX umsagnir bárust frá XXX. Í vinnslu ...

6. Mat á áhrifum.

Tillögur frumvarpsins eru af margvíslegum toga og sama má segja um mat á áhrifum þeirra.

Lækkun tryggingagjalds mun jafngilda því að gjaldið verði ekki lagt á þann hluta gjaldsstofns sem nemur kjarasamningsbundnum launahækkunum sem koma til framkvæmda um komandi áramót. Heildartekjur af tryggingagjaldi munu dragast saman um fjóra milljarða króna sökum lækkunarinnar. Þar af lækka greiðslur ríkisins um 0,9 milljarða króna og munu nettó tekjuáhrif á ríkissjóð því verða 3,1 milljarður króna til lækkunar. Jafnframt mun þessi aðgerð lækka útgjöld sveitarfélaga um 0,5 milljarða króna á næsta ári.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu munu samanlagt ekki hafa teljandi áhrif á afkomu ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum. Um er að ræða nauðsynlegar leiðréttingar og aðrar breytingar sem munu hins vegar leiða til þess að viðkomandi löggjöf á sviði skattamála verði skýrari.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að almennt tryggingagjald verði lækkað tímabundið í eitt ár, eða í staðgreiðslu á árinu 2021 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2022 vegna tekna ársins 2021, úr 4,90% í 4,65%.

Um 2. gr.

Lagt er til að í stað þess að miða við fjárhæð lágmarksellilífeyris verði miðað við fjárhæð lágmarksörorkulífeyris en á þeim tíma sem undanþágan var sett var fjárhæðarviðmiðið hið sama hjá ellilífeyrisþegum og örorkulífeyrisþegum. Samsetning ellilífeyris hefur tekið breytingum og er því lagt til svo haldið verði upphaflegu viðmiði að stuðst verði við fjárhæðarmörk örorkulífeyris þess í stað.

Um 3. gr.

Lagt er til að í þeim tilvikum að skipting söluverðs, í sama hlutfalli og hinar seldu eignir eru metnar til fasteignamats, leiðir til verulega óeðlilegrar niðurstöðu sem ekki endurspeglar markaðsverð hinna seldu eigna skuli miða við markaðsverð þeirra á söludegi í stað fasteignamats.

Um 4. gr.

Gert er ráð fyrir að styrkur í formi niðurgreiðslu vegna greiðsluþátttöku frá ríkinu á fargjöldum í samgöngum innanlands fyrir einstaklinga með búsetu utan höfuðborgarsvæðisins teljist ekki til tekna.

Um 5. gr.

Með ákvæðinu er lögð til orðalagsbreyting til að taka af öll tvímæli um að með „sérgreindum fasteignum“ við afmörkun tekna af útleigu utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi er átt við „sérgreindar íbúðir“. Er sú merking ljós við lestur greinargerðar með lögum þeim sem urðu að lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld, nr. 59/2017.

Um 6. gr.

Lagt er til að við ákvæðið verði aukið að ríkisskattstjóra sé jafnframt heimilt að gefa út og hafa til sölu fyrir almenning yfirlit yfir skatta, tolla og gjöld á sviði Skattsins eða láta í té sérþjónustu samkvæmt gjaldskrá sem staðfest skal af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 7. og 8. gr.

Í ljósi þess að við framlagningu álagningarskrár skattaðila gerir fjöldi manns sér ferð í afgreiðslur Skattsins um land allt er lagt til að ákvæði til bráðabirgða LXVI við lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, verði framlengt um eitt ár og að eftir atvikum gildi hið sama um framlagningu skattskráa á árinu 2020 og 2021. Mikilvægt er að tryggja að embætti ríkisskattstjóra geti uppfyllt lögbundnar skyldur sínar en þó tekið tillit til reglna um takmarkanir á samkomum sem og gætt að almennum sóttvarnasjónarmiðum vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.

Þá er jafnframt lagt til að sambærilegu ákvæði til bráðabirgða verði bætt við lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, þess efnis að þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 46. gr. laganna sé ríkisskattstjóra ekki skylt á árunum 2020 og 2021 að leggja fram virðisaukaskattsskrár.

Um 9. og 10. gr.

Lögð er til sú leiðrétting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur að í stað þess að kveða á um „ár“ þegar rætt er um samspil útreiknings á álagi og eindaga í 3. mgr. 17. gr. laganna verði því breytt og kveðið á um „greiðslutímabil“. Er það gert í ljósi breytinga sem orðið hafa á greiðslutímabilum úr almanaksárinu í fjögur þriggja mánaða greiðslutímabil.

Í ákvæði III til bráðabirgða við lög um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur er kveðið á um að frá og með 1. júlí 2009 skuli skilaskyldum aðilum skylt að halda eftir 15% skatti af staðgreiðsluskyldum fjármagnstekjum skattskyldra aðila sem til falla eftir 1. júlí 2009 af eldri kröfum, sem og kröfum sem stofnað er til eftir það. Lagt er til að ákvæðið falli brott enda hefur hlutfalli staðgreiðslu verið breytt frá gildistöku ákvæðisins, fyrst í 18%, síðan 20% og er nú 22%.

Um 11. gr.

Lagt til að í lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, verði ekki gerður greinarmunur á gerð rafknúinna sendibifreiða og annarra rafknúinna ökutækja til vöruflytninga í atvinnuskyni hvað varðar undanþágu frá vörugjaldi.

Um 12. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að í stað orðanna „árinu 2020“ komi, á árunum 2020 og 2021. Af breytingunni leiðir að lækkun skráðrar losunar húsbíla um 40%, mun gilda til og með 31. desember 2021, að þeim skilyrðum uppfylltum sem fram koma í ákvæðinu.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að lagfæra orðalag til samræmis við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga um innheimtu opinberra skatta og gjalda, nr. 150/2019, án efnislegra breytinga.

Um 14. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um að ökutæki samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga sem knúin eru vetni eða rafhreyfli að öllu leyti skuli greiða lágmark bifreiðagjalds skv. 2. gr., líkt og

gildir um ökutæki sem framleidd eru og skráð með metan eða metanól sem aðalorkugjafa eða hefur verið breytt þannig að þau geti nýtt metan og breytingin hlotið vottun skoðunarstöðvar. Undir ökutæki í staflíðnum falla ökutæki skv. 47. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, þ.e. tæki á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori. Um er að ræða ökutæki sem ganga alfarið fyrir vetni eða rafmagni og eru því hreinorkuökutæki.

Um 15. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að ákvæði 28. gr. núgildandi laga um eftirlit á skipum verði að sjálfstæðum lagabálki og skipt upp í sex ákvæði, sbr. a–f-lið.

Í a-lið er kveðið á um fjárhæð gjaldsins eftir stærðarflokkum skipa og umsjón álagningu, sem er í höndum Samgöngustofu eins og áður hefur verið enda heldur stofnunin utan um aðalskipaskrá. Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar ár hvert og er gjalddagi 1. apríl og eindagi 15. maí ár hvert.

Í b-lið er gert ráð fyrir heimild til handa Samgöngustofu um töku þjónustugjalds samkvæmt gjaldskrá fyrir skoðun á skipum og aðra lögboðna þjónustu sem Samgöngustofa veitir.

Í c-lið er gert ráð fyrir að skipagjöldum fylgi lögveð í skipi í tvö ár frá því að gjaldið var kræft og einnig kveðið á um haldlagningarétt Samgöngustofu á haffærisskírteinum hafi gjöld skv. a-lið ekki verið greidd, að skoðun lokinni.

Í d-lið er lagt til að innheimtumenn ríkissjóðs annist innheimtu skipagjalds, sem skuli skilað í ríkissjóð.

Í e-lið er lögð til kærueimild til ríkisskattstjóra á álagningu skipagjalds skv. a-lið innan þrjátíu daga frá því að gjaldið var ákvarðað. Í 2. mgr. er kveðið á um heimild til að skjóta úrskurði ríkisskattstjóra til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga um yfirskattanefnd, nr. 30/1992.

Í f-lið er lagt til að dráttarvextir vegna skipagjalds reiknist frá gjalddaga hafi skipagjald ekki verið greitt á eindaga.

Um 16. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að heiti laganna verði lög um skipagjald.

Um 17. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að gjaldtökuheimildir vegna löggildingar iðnmeistara skv. 32. gr. laga um mannvirki, nr. 160/2002, og hönnuða á sviði byggingarmála skv. 25. gr. sömu laga, komi inn í 32. tölul. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Um 18. gr.

Greinin fjallar um gildistöku. Gert er ráð fyrir því að gildistaka 4. gr. verði afturvirk frá 1. september 2020. Greinin er ívilnandi og er eðlilegt að skattfrelsi samkvæmt henni taki mið af þeim degi sem niðurgreiðsla hófst formlega með verkefninu Loftbrú. Þá er lagt til að 11. gr. frumvarpsins öðlist gildi frá og með 1. janúar 2021 og 15. og 16. gr. taki gildi 1. júlí 2021 til samræmis við gildistökuákvæði frumvarps til skipalaga sem nú liggur fyrir Alþingi, sbr. þingskjal 209 — 208. mál 151. löggjafarþings 2020–2021. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.